

Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá - Skýrsla nr. 4

---

# Bátaskrá

## Byggðasafns Hafnarfjarðar



Helgi Máni Sigurðsson

2019

# Inngangur

Eftirfarandi umsögn er skrifuð af safnstjóra Byggðasafns Hafnarfjarðar:

„Byggðasafn Hafnarfjarðar á aðeins þrjá gamla báta sem má teljast lítið í bæ þar sem fiskveiðar hafa verið helsta atvinnugreinin frá örófi alda. Að því leiti hafa allir bátarnir varðveislugildi. Við teljum hins vegar að tveir af framangreindum bátum hafi hátt varðveislugildi. Það eru Melshúsabáturinn og Fleygur ÞH 301. Melshúsabáturinn er merkilegur að mörgu leiti, hann er dæmigerður fyrir báta sem gerðir voru út frá Hafnarfirði í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. Hann var smíðaður á Álftanesi og hefur hið svokallaða Engeyjarlag. Hann er að miklu leiti upprunalegur. Báturinn var í eigu Hafnfirðings nánast frá upphafi og var að mestu gerður út frá Hafnarfirði. Við teljum því að þessi bátur hafi mikið varðveislugildi.

Fleygur var smíðaður í Hafnarfirði í Bátasmiðju Breiðafjarðar, sem síðar hét Bátalón. Hann er fyrirmynd svokallaðra DAS báta. Á tímabili réðst Hafnarfjarðarbær í áttak til að fjölga bátum sem gerðir voru út frá bænum og voru þeir smíðaðir í sömu bátasmiðju. Fleygur er í lélegu ásigkomulagi en þar sem hann var smíðaður í Hafnarfirði og einn af fáum bátum safnsins teljum við hann hafa mikið varðveislugildi.

Eintrjáningurinn hefur enga sérstaka sögu og tengist Hafnarfirði ekki á neinn hátt nema að gefandinn var Hafnfirðingur. Því teljum við að eintrjáningurinn hafi ekki eins hátt varðveislugildi og hinir tveir bátarnir.“

Björn Pétursson, ágúst 2017 <sup>1</sup>

## Efnisyfirlit

Melshúsabáturinn .....	2
Fleygur ÞH 301 .....	6
Eintrjáningur .....	13

---

<sup>1</sup> Bátar í eigu Byggðasafns Hafnarfjarðar, skýrsla 2017



*Melshúsabáturinn á sýningu Byggðasafns Hafnarfjarðar, 2017. Ljósmynd: HMS.*

## Melshúsabáturinn

1. **Safnnúmer:** Áður SMS 1983-1. Hefur ekki verið skráður inn í Byggðasafn Hafnarfjarðar
2. **Tegund:** Opinn árabátur, tveggja manna far (kæna)
3. **Hlutverk:** Fiskibátur; hrognkelsaveiðibátur
4. **Eigandi:** Byggðasafn Hafnarfjarðar
5. **Fyrri eigendur:**
  - Helgi Guðmundsson í Melshúsum
  - Gísli Sigurðsson lögregluþjónn (notaði hann ekki)
  - 1975: Báturinn er eign Byggðasafnsins.<sup>2</sup> Gils Guðmundsson fyrrv. formaður sjóminjasafnsnefndar segir að báturinn hafi aðeins verið til varðveislu í Sjóminjasafni Íslands.<sup>3</sup>
  - 1986: Melshúsabáturinn er skráður sem eign Sjóminjasafns Íslands.

<sup>2</sup> Nefndarálit Alþingis um Sjóminjasafn frá 1975, bls. 7.

<sup>3</sup> Ágúst Ólafur Georgsson. Sífaviðtal við Gils Guðmundsson.

- 1996: Báturinn er afhentur Byggðasafni Hafnarfjarðar til eignar og varðveislu.

## **6. Varðveislustaður:**

Pakkhúsið, eitt af sýningarhúsum Byggðasafns Hafnarfjarðar, á sýningunni „Þannig var...“

## **7. Smíðaár:** 1880-1900

## **8. Smiður:** Sveinn Sveinsson í Sveinskoti eða Diðrik Pálsson á Álftanesi

Diðrik Jónsson, Kirkjuteig 11, Reykjavík, kveðst hafa grun um að afi sinn Diðrik Pálsson (f. 21.6.1841), síðast í Halakoti á Álftanesi, hafi smíðað bátinn. Segir Diðrik að hann hafi séð skilti með texta við bátinn á Sjóminjasafninu árið 1986 þar sem stóð að báturinn væri smíðaður af Sveini Sveinssyni í Sveinskoti á Álftanesi. Í æsku átti Diðrik heima á Bjarnastöðum á Álftanesi og þekkti son Sveins er Sveinbjörn hét. Sveinbjörn þessi bjó í Sveinskoti til elli ára en flutti þá til dóttur sinnar í Hafnarfirði. Hefur Diðrik eftir Sveinbirni að faðir hans hafi alls ekki verið bátasmiður.

Segir Diðrik að afi sinn hafi smíðað marga báta og man eftir fjórum, ef ekki fimm, á Álftanesi. Allir voru þeir af svipaðri eða sömu stærð og Melshúsabáturinn nema einn sem var stærri. Kveðst Diðrik eiga auðvelt með að þekkja smiði af bátalagi, hver hafi sitt handbragð. Telur hann Melshúsabátinn afar líkan bátum eftir afa sinn. Ef Diðrik Pálsson hefur smíðað Melshúsabátinn hefur það verið um 1880-1890, að mati Diðriks. Segir hann að getið sé um afa sinn og bátasmiði hans í bókinni Foreldrar mínir eftir Gísla Jónsson. Telur Diðrik að bátar afa síns hafi mikið verið seldir til Hafnarfjarðar. Diðrik Jónsson var fæddur 3.05. 1914 og lést 18.11. 2003.<sup>4</sup>

## **9. Smíðastaður:** Álftanes

## **10. Brúttórúmllestir:**

**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 5,90 x 1,50 x 0,56<sup>5</sup>

**12. Smíðaefni og samsetning skrokks:** Viður; súðbyrtur

## **13. Skrokklag:** Engeyjarlag

Þessi lýsing kemur fram í skýrslu Jóns Allanssonar, 1995:

„Melshúsabátur er stokkreistur, þunnur að framan og ekki djúpur, hefur verið lipur undir árum tómur, siglt mikið og nálægt vindi, nokkuð ágjöfull, en sæmilegur burðarbátur miðað við stærð.“<sup>6</sup>

## **14. Þilför:**

## **15. Yfirbygging:**

## **16. Lokuð rými:**

**17. Möstur og seglabúnaður:** Gerður var seglabúnaður á bátinn árið 1972

## **18. Vél:**

## **19. Siglingatæki og annar búnaður:**

---

<sup>4</sup> Ágúst Ólafur Georgsson: Viðtal við Diðrik Jónsson.

<sup>5</sup> Jón Allansson 1995.

<sup>6</sup> Jón Allansson 1995 bls. 3 (sjá Íslenska sjávarhætti II bls. 304)



*Melshúsabáturinn á sýningu Byggðasafns Hafnarfjarðar, 2017. Ljós.: HMS.*

## 20. Notkunarsaga:

Melshúsabáturinn er kenndur við Melshús í Hafnarfirði. Ekki er vitað um aldur hans en hann er talinn mjög gamall og smíðaður á Álftanesi. Síðasti eigandi var Helgi Guðmundsson í Melshúsum. Mörg sumur lét hann flytja bát sinn til sumarróðra á Austfjörðum og fyrir víst eitt sumar til róðra á Siglufirði.

Dóttir Helga Guðmundssonar, Gyða Helgadóttir, f. 1914, segir að Gísli Sigurðsson lögregluþjónn í Hafnarfirði hafi keypt bátinn af föður sínum fyrir 700 kr. með það fyrir augum að hann færi á safn.

Helgi keypti bátinn frá Álftanesi og var báturinn þá gamall, frá því fyrir aldamótin 1900. Helgi notaði bátinn mest við hrognkelsaveiðar; reri honum ætíð. Aldrei var sett vél í bátinn. Alltaf var talað um hann sem kænu. Helgi lagði net sín út af Álftanesi og Vatnsleysuströnd (Vatnsleysuvík) m.a. og reri um tíma á bátnum frá Sauðanesi og Siglunesi við Siglufjörð. Helgi notaði bátinn síðast árið 1955, að vísu mjög lítið, enda orðinn gamall maður. Hann var fæddur 2. janúar 1877 og lést 5. maí 1956.<sup>7</sup>

Samkvæmt Lúðvík Kristjánssyni lét Helgi Guðmundsson flytja bát sinn til sumarróðra á Austfjörðum mörg sumur og eitt sumar til Siglufjarðar. Helgi hafi þannig verið góður fulltrúi

---

<sup>7</sup> Bátar í eigu Byggðasafns Hafnarfjarðar, skýrsla 2017.

þeirra sjómanna sem létu flytja báta sína landsfjórðunga á milli með gufuskipum til þess að geta stundað veiðar yfir sumarið þar sem best hentaði.<sup>8</sup>

Báturinn var alltaf svartur, tjargaður. Talið var að ekki fiskaðist á hann öðruvísi.

Árið 1972 er hann orðinn eign Byggðasafns Hafnarfjarðar sem lætur gera hann upp. Frá árinu 1986 var hann settur á sýningu í Sjóminjasafni Íslands í Pakkhúsinu í Hafnarfirði. Hann er enn á sama stað eftir að Byggðasafnið tók við því, um 2004.<sup>9</sup>

## **21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**

**22. Ástand báts:** Gott

**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**

**24. Viðhald og viðgerðir:**

Byggðasafnsnefnd í Hafnarfirði lauk árið 1972 viðgerð Melshúsabátsins. Gerður var seglabúnaður á bátinn og gengið frá honum eins og hann hafði verið áður.

**25. Heimildir:**

- Bátar í eigu Byggðasafns Hafnarfjarðar, skýrsla safnsins árið 2017.
- Lúðvík Kristjánsson: Íslenzkir sjávarhættir 2, Rvk. 1982
- Skráning Sjóminjasafnsins um Melhúsabátinn í Sarpi. Í tölvupósti frá Ágústi Georgssyni til Björns Péturssonar.
- Ágúst Ólafur Georgsson: Viðtal við Diðrik Jónsson, Kirkjuteig 11, Reykjavík, 28. janúar 1996.
- Nefndarálit Alþingis um Sjóminjasafn frá 1975, bls. 7.
- Ágúst Ólafur Georgsson. Símaviðtal við Gils Guðmundsson 23.1. 1996.
- Jón Allansson: Skýrsla. Batar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995.

**26. Varðveislustaða:** Aldursfriðaður, óskráður safngripur

**27. Almenn umsögn:**

Melshúsbatúrin er dæmigerður fyrir báta sem gerðir voru út frá Hafnarfirði í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. Hann var smíðaður á Álftanesi og hefur hið svokallaða Engeyjarlag. Hann er að miklu leyti upprunalegur. Baturinn var í eigu Hafnfirðings nánast frá upphafi og var að mestu gerður út frá Hafnarfirði. Eigandi bátsins, Byggðasafnið, telur að þessi bátur hafi mikið varðveislugildi.

---

<sup>8</sup> Lúðvík Kristjánsson bls. 304.

<sup>9</sup> Batar í eigu Byggðasafns Hafnarfjarðar, skýrsla 2017.



*Fleygur ÞH 301 þegar Eiríki Marteinsson gerði hann út, 1984-1994. Mynd: Hafþór Hreiðarsson.*

## Fleygur ÞH 301

- 1. Skipaskrárnúmer:** 5079 (settur á skipaskrá 1964)
- 2. Tegund:** Opinn vélbátur
- 3. Hlutverk:** Fiskibátur
- 4. Eigandi:** Byggðasafn Hafnarfjarðar (frá árinu 1995)

### 5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1955: *Svanur*; Þorgeir Þorgeirsson og Ásgeir Sigurðsson.
- 1963: *Svanur GK 240*. Þóroddur Vilhjálmsson ásamt Viðari Þorsteinssyni og Hafsteini Þorsteinssyni.
- 1966, í lok árs: Páll Hannesson.
- 1966-67, áramótin: *Svanur GK* slitnaði upp, rak á land og brotnaði. Báturinn skemmdist það mikið að tryggingarnar greiddu hann út.
- 1969: *Kópur RE 124*. Kolbeinn og Þórður Bjarnasynir keyptu bátinn af tryggingunum 27. júní og gerðu hann upp.
- 1974: *Björgvin Jónsson BA 1*; Árni H. Jónsson frá Patreksfirði.
- 1977: *Fleygur ÞH 301*, Húsavík; Gunnlaugur B. Árnason, Varmalandi Mýrasýslu, Haraldur Þórarinsson, Laugardælum Árnassýslu, og Hjörtur K. Einarsson, Geithellnum Álftafirði.

- 1981: Jón Ármann Árnasson á Húsavík.
- 1984: Eiríkur Marteinnsson á Húsavík.
- 1994: Báturinn var talinn ónýtur og tekinn af skrá.<sup>10</sup>

**6. Varðveislustaður:** Fyrir utan geymsluhús Byggðasafns Hafnarfjarðar.

**7. Smíðaár:** 1955

**8. Skipasmíðastöð:** Bátasmíðastöð Breiðafjarðar sf.

**9. Smíðastaður:** Hafnarfjörður

**10. Brúttórúmlestir:** 5,38

**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 9,45 x 2,56 x 1,17<sup>11</sup>



*Fleygur ÞH 301 árið 2010. Ljósmynd. Emil Páll.*

**12. Smíðaefni og samsetning skrokks:** Eik og fura; skarsúðaður

**13. Skrokklag:** Lotað stefni en afturhlutinn skutbjúgur

**14. Pílför:**

**15. Yfirbygging:** Stýrishús, lúkar

**16. Lokuð rými:**

**17. Möstur og seglabúnaður:** Framsigla og aftursigla

**18. Vél:**

- 1955: svonefndur sjójeppi, blokk hennar var sú sama og í herjeppa, 20 hö, 4 cyl.
- 1964: skosk Ailsa Craig vél, 20 hö, 2 cyl.
- 1969: Kelvin vél, 22 hö

**19. Siglingatæki og annar búnaður:**

**20. Notkunarsaga:**

<sup>10</sup> Ríkarður Ríkarðsson.

<sup>11</sup> Bátar í eigu Byggðasafns Bafnarfjarðar.



Útgerðarstaðir Fleygs ÞH:

- Suðurnes 1955-1966
- Reykjavík 1969-1974
- Patreksfjörður 1974-1977
- Húsavík 1977-1994

Báturinn var smíðaður fyrir tvo menn í Keflavík, Þorgeir Þorgeirsson og Ásgeir Sigurðsson. Þeir stunduðu sjóinn í frítíma sínum og gáfu bátnum nafnið Svanur.

Þóroddur Vilhjálmsson kaupir Svan í apríl 1963 ásamt Viðari Þorsteinssyni og Hafsteini Þorsteinssyni og þeir gerðu hann út til 1965. Þeir héldu nafninu en gáfu honum einkennisnúmerið GK 240. Svanur fór á skipaskrá 1964 og fékk númerið 5079.

Páll Hannesson fær Svan GK í lok árs 1966 í skiptum er hann selur 11 tónna bát sinn sem hann gerði út frá Sandgerði. Páll kvaðst aldrei hafa róið á Svan GK því hann slitnaði upp, rak á land og brotnaði um áramótin 1966-1967. Báturinn skemmdist það mikið að tryggingarnar greiddu hann út.

Kolbeinn og Þórður Bjarnasynir keyptu bátinn af tryggingunum 27. júní 1969 og gerðu hann upp og hét hann þá Kópur RE 124.

Hann var seldur til Patreksfjarðar 23. janúar árið 1974. Kaupandinn var Árni H. Jónsson frá Patreksfirði og nefndi hann bátinn Björgvin Jónsson BA 1.<sup>12</sup>

Árið 1977, 4. mars, var báturinn seldur til Húsavíkur. Gunnlaugur B. Árnason, Varmalandi í Mýrasýslu, Haraldur Þórarinsson, Laugardælum í Árnessýslu, og Hjörtur K. Einarsson, Geithellnum í Álftafirði, keyptu hann. Hann fékk þá nafnið Fleygur ÞH 301.

Jón Ármann Árnason á Húsavík eignast bátinn 1. september 1981. Eiríkur Marteinsson á Húsavík keypti Fleyg ÞH 301 þann 1. maí 1984. Báturinn var talinn ónýtur og tekinn af skrá 28. des. 1994.<sup>13</sup>

Báturinn var bjargað af bálkesti fyrir áramótabrennu á Húsavík í desember 1995. Guðni Halldórsson minjavörður Húsvíkinga hafði samband við Byggðasafn Hafnarfjarðar sem ákvað að fá bátinn og gera hann upp.

## **21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**

Báturinn var raðsmíði og forveri DAS-bátanna, þ.e. báta sem voru vinningar hjá Happraetti Dvalarheimilis aldrara sjómanna á 6. áratugnum. Hönnun hans var notuð við smíði DAS bátanna.

Bátasmíðastöð Breiðfirðinga sf. í Hafnarfirði, stofnuð 1947, nefndist síðar Bátalón. Þorbergur Ólafsson (f. 22. ágúst 1915 - d. 13. apríl 2002) var framkvæmdastjóri og stjórnarformaður stöðvarinnar. Hann gerði flestar teikningar af nýsmíðum stöðvarinnar, sem voru alls 470, úr tré

<sup>12</sup> Jón Björnsson, Ríkarður Ríkarðsson.

<sup>13</sup> Ríkarður Ríkarðsson.

og stáli. Má því reikna með að hann hafi teiknað Fleyg ÞH 301.<sup>14</sup>

Þóroddur Vilhjálmsson, sem átti Fleyg á árunum 1963-1966, kvaðst aldrei hafa fiskað eins mikið á jafn litla fleytu og hann. Í einum túrnum komu 570 stórufsar úr bátnum. Þeir vógu 5,5 tonn og kvaðst hann halda að aldrei hafi farið eins mikið í bátinn. Það hafi ekki verið borð fyrir báru í það skipti og hafi hann þurft að rota við skutinn. Sem betur fer hafi verið logn.<sup>15</sup>

**22. Ástand báts:** Sæmilegt - slæmt

**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**

Þegar Fleygur var smíðaður upp, eftir að hann rak á land 1967, var skipt um kjöl og flest borð, sjá nánar Viðhald og viðgerðir.

Jón Ármann Árnason, sem átti bátinn 1981-1984, breytti honum nokkuð, setti m.a. nýtt stýrishús og lúkar á hann. Hann sagði að það hafi ekki verið lúkar á honum, bara kappi yfir hvalbakinn. Stýrishúsið hafi verið pínulítið og hafi hann því stækkað það til að koma þar fyrir tækjum sem nauðsynleg voru og til að vinnuaðstaða þar inni væri betri. Þá kvaðst hann hafa síkkað kjölinn og fóðrað hann með járn. Sagði hann skrokinn þann sama og þegar hann keypti bátinn.

**24. Viðhald og viðgerðir:**

Fleygur rak á land um áramótin 1966-1967 og brotnaði mikið. Þá var hann að miklu leyti smíðaður upp, skipt um kjöl og flest borð, nema þrjú efstu, sett nýtt afturstefni og nýtt, stærra stýrishús og lúkar.

Árið 1977 var báturinn aftur tekinn í gegn og lagfærður.<sup>16</sup>

Í árslok 1994 var báturinn talinn ónýtur. Til stóð að setja hann á brennu árið eftir en þá hafði Guðni Halldórsson minjavörður á Húsavík samband við Byggðasafn Hafnarfjarðar sem í framhaldi af því falaðist eftir honum.

1996 var Fleygur fluttur frá Húsavík til Hafnarfjarðar og komið fyrir við Hafnarfjarðarhöfn. Búist var við að þar yrði gert við hann. Tíminn leið og 2006 var viðgerð ekki hafin. Þá mun Jóhannes Sigurjónsson fréttamaður á Húsavík hafa skrifað grein um málið og á svipuðum tíma fékk Byggðasafn Hafnarfjarðar styrk upp á kr. 500.000,- til viðgerðar á Fleyg. Björn Björgvinsson skipasmíðameistari var ráðinn til verksins. Hann reif allt ofan af bátnum og setti yfir hann segl.<sup>17</sup>

Árið 2010 hafði viðgerðin ekki þokast langt en seglið hafði fokið af bátnum, sbr. meðfylgjandi myndir Emils Páls.

Árið 2017 er ástandið óbreytt frá 2010. Samkvæmt Birni Péturssyni minjaverði Hafnarfjarðar er ekki fyrir hendi áætlun um varðveislu Fleygs. Hann á von á að bátnum verði fargað.

---

<sup>14</sup> Ríkarður Ríkarðsson.

<sup>15</sup> Ríkarður Ríkarðsson.

<sup>16</sup> Ríkarður Ríkarðsson.

<sup>17</sup> Ríkarður Ríkarðsson.



*Fleygur ÞH 301, í Hafnarfirði, nánar tiltekið á horni Óseyrarbrautar og Stapagötu, 23. mars 2006.  
Mynd: Ríkarður Ríkarðsson.*

## 25. Heimildir:

- Bátar í eigu Byggðasafns Hafnarfjarðar, skýrsla safnsins árið 2017.
- Ríkarður Ríkarðsson: 5079. *Fleygur ÞH 301. Samantekt:*  
<https://www.google.is/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=1&cad=rja&uact=8&ved=0ahUKEwidvYObmbfOAhUDcRQKHdz3CpQQFggeMAA&url=http%3A%2F%2Fcs-001.123.is%2FdeliverFile.aspx%3Ffid%3D4e03201c-beb6-4897-a01b-7f036b616a0d&usg=AFQjCNF73-PZ2QTYKlOr5Dg7hsvj8Mk3HA>. Skoðað 10.8. 2016.
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar I, s. 238. Rvk. 1999.
- Emil Páll Jónsson, áhugamaður um skip og báta:  
<http://emilpall.123.is/blog/yearmonth/2010/09/16/> . Skoðað 10.8. 2016.
- „Merkum báti bjargað úr brennu“: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/238463/>  
Skoðað 10.08.2016.

Viðmælendur Ríkarðs Ríkarðssonar:

- Árni Jónsson, Patreksfirði, eigandi þegar báturinn hét Björgvin Jónsson BA 1
- Haraldur Þórarinnsson og Gunnlaugur Árnason, eigendur Fleygs ÞH 301
- Jón Ármann Árnason Húsavík, eigandi Fleygs ÞH 301
- Kolbeinn og Þórður Bjarnasynir, eigendur þegar báturinn hét Kópur RE 124
- Þóroddur Vilhjálmsson, eigandi þegar báturinn hét Svanur GK 240<sup>18</sup>

## 26. Varðveislustaða: Óskráður afngripur

## 27. Almenn umsögn:

*Varðveislumat safnsins:*

Báturinn er í lélegu ásigkomulagi en þar sem hann var smíðaður í Hafnarfirði og einn af fáum bátum safnsins teljum við hann hafa mikið varðveislugildi. (Sjá nánar í formála.)

---

<sup>18</sup> Ríkarður Ríkarðsson.

-----  
**Myndir af Fleyg árið 2010 og 2017**



*Fleygur ÞH 301 árið 2010. Ljós. Emil Páll.*



*Fleygur ÞH 301 árið 2010. Ljós. Emil Páll.*



*Fleygur ÞH 301 árið 2017. Ljós. HMS.*



*Eintrjáníningurinn á hvolfi í geymslu, 2017. Ljósm.: HMS.*

## Eintrjáníningur

**1. Safnnúmer:**

**2. Tegund:** Eintrjáníningur

**3. Hlutverk:** Léttbátur

**4. Eigandi:** Byggðasafn Hafnarfjarðar (frá 1996)

**5. Fyrri eigendur:**

- Einar Vilhjálmsson, Smáraflöt 10 (tollvörður?)

**6. Varðveislustaður:** Í geymslu Byggðasafns Hafnarfjarðar

**7. Smíðaár:**

**8. Smíður:**

**9. Smíðastaður:** Líklega Amasonsvæðið í Brasilíu

**10. Brúttórúmllestir:**

**11. Lengd og breidd í m:** 4,5 x 1,3

**12. Smíðaefni og samsetning skrokks:** Viður; smíðaður úr einum trjából

**13. Skrokklag:** Með gafli

**14. Þilför:**

**15. Yfirbygging:**

**16. Lokuð rými:**

**17. Möstur og seglabúnaður:**

**18. Vél:** Utanborðsmótor

**19. Siglingatæki og annar búnaður:**



*Skutur eintrjáningsins, 2017. Ljósmynd: HMS.*

## **20. Notkunarsaga:**

Danskt skip keypti bátinn á Amasonfljóti og notaði hann sem léttbát með utanborðsmótor. Skipið kom til Reykjavíkur og varð báturinn eftir hér. Einar Vilhjálmsson keypti bátinn til að varðveita hann á safni. Árar bátsins fylgdu ekki.<sup>19</sup>

Úr „Skrá yfir muni sem afhentir voru BH af Sjóminjasafni Íslands“:

„Færsla 23.2. 1990, eintrjáningur, talinn meðal muna í eigu Sjóminjasafns sem varðveittir voru í geymslu BH við Reykjavíkurveg, sbr. aðfangabók I, bls. 147. Hinn 16.11. 1992 var eintrjáningurinn aftur afhentur Sjóminjasafninu, sbr. aðfangabók II, bls. 74. BH eignaðist eintrjáninginn 6.8. 1976, sbr. aðfangabók I, bls. 149.“

## **21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**

**22. Ástand báts:** Sæmilegt

## **23. Upprunaleiki - breytingasaga:**

**24. Viðhald og viðgerðir:**

## **25. Heimildir:**

- Bátar í eigu Byggðasafns Hafnarfjarðar, skýrsla safnsins árið 2017.
- „Skrá yfir muni sem afhentir voru BH af Sjóminjasafni Íslands.“ Skjalasafn Byggðasafns Hafnarfjarðar.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Hausti 1995.

---

<sup>19</sup> Jón Allansson 1995 s. 8.

## 26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

### 27. Almenn umsögn:

Eintrjáníningurinn hefur ekki hátt varðveislugildi og raunar var spurning hvort ástæða var fyrir Byggðasafnið að taka við honum sem safngrip og varðveita hann. Lítið er vitað um uppruna hans og sögu og ljóst að hann hefur engin tengsl við bátasögu Íslands.

Áhugaverðast er að hann er eini eintrjáníningurinn í eigu safns á Íslandi og áhugaverður sem hluti af þróunarsögu báta almennt.



*Botn eintrjáníningsins, 2017. Ljósma.: HMS.*